

# Ársskýrsla | 2011



Einkaleyfastofan  
Icelandic Patent Office

# Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Einkaleyfastofan 20 ára	4
<b>Starfsemi sviða</b>	<b>7</b>
Rekstrarsvið	7
Einkaleyfasvið	8
Vörumerkja- og hönnunarsvið	11
Gæðamál	14
Faggildingarsvið	14
<b>Ýmsir málaflokkar</b>	<b>15</b>
Fræðslu- og kynningarmál	15
Ráðstefnan <i>The Importance of Intellectual Property Rights</i>	15
Samstarf	18
<i>Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum</i>	18
<i>Upplýsingasetur um einkaleyfi</i>	18
<i>Hagnýtingarverðlaun HÍ</i>	18
FUVE	19
FEIS	19
PPH	20
EPO – <i>Evrópska einkaleyfastofan</i>	20
EFTA	21
<i>Evrópusambandið</i>	22
<i>Norrænt samstarf</i>	22
<i>Nordic Patent Institute</i>	22
WIPO – <i>Alþjóðahugverkastofnunin</i>	23
Starfsmannamál	24
<b>Árangursmat</b>	<b>25</b>
Ársáætlun	25
Ársreikningur	25

## Ávarp forstjóra

Þegar litið er yfir árið 2011 er ljóst að alþjóðleg ráðstefna Einkaleyfastofunnar í tilefni af tuttugasta starfsári stofnunarinnar setti mikinn svip á starfsemina. Ráðstefnan fór fram í Hörpu 18. ágúst 2011 undir heitinu *The Importance of Intellectual Property Rights*. Fjöldi erlendra fyrirlesara flutti erindi á ráðstefnunni, auk innlendra sem flestir áttu það sameiginlegt að vera fulltrúar íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði sem hugverkaréttur setur mark sitt á. Ráðstefnan var sérstaklega vel sótt af innlendum og erlendum gestum og fékk þó nokkra fjölmiðlaumfjöllun. Þá var það mikill heiður að taka á móti Francis Gurry forstjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar í tilefni ráðstefnunnar.

Svo virðist sem fjöldi umsókna sem berast Einkaleyfastofunni sé að komast í fyrra horf. Fjöldi vörumerkjaumsókna frá íslenskum aðilum hefur aukist töluvert frá því eftir efnahagshrun og hefur aldrei verið jafn mikill ef frá er talið árið 2007. Fjöldi alþjóðlegra vörumerkjaumsókna og umsókna frá erlendum aðilum jókst einnig á árinu þó tala þeirra hafi ekki enn náð sömu hæðum og rétt fyrir hrun. Heildarfjöldi vörumerkjaumsókna er nú meiri en síðustu tvö ár og því freistandi að álykta að samdrætti á því sviði sé nú lokið. Fjöldi umsókna um verndun hönnunar jókst einnig á árinu og hafa þær aldrei verið fleiri. Þá hefur staðfestingum á evrópskum einkaleyfum fjölgað mikið hér og eykst því hratt fjöldi einkaleyfa sem er í gildi á Íslandi. Íslenskum einkaleyfisumsóknum fækkaði hins vegar eftir aukningu síðustu tveggja ára á undan og var fjöldinn sá sami og árið 2008.

Einkaleyfastofan gerði samkomulag á árinu við bandarísku og japönsku einkaleyfastofurnar um flýtimeðferð einkaleyfisumsókna að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Slíkt samkomulag er mjög mikilvægt þegar einkaleyfisumsóknum fjölgar stöðugt í heiminum og meðhöndlunartími þeirra verður sífellt lengri. Nordic Patent Institute, sem Ísland er aðili að, undirritaði einnig slíkt samkomulag við sömu stofnanir á árinu. Vonir eru bundnar við að samkomulagið eigi eftir að nýtast vel þeim Íslendingum sem sækjast eftir alþjóðlegri einkaleyfisvernd.

Áframhaldandi vinna á innskönnun gagna í samræmi við markmið um rafræna skjalvistun allra gagna Einkaleyfastofunnar hélt áfram ásamt undirbúningi að umsókn um rafræn skil á gögnum til Þjóðskjalasafns Íslands.

Helstu nýjungar á árinu voru þær að nú er hægt að sækja um staðfestingu evrópskra einkaleyfa á heimasíðu Einkaleyfastofunnar sem markar því enn eitt skrefið í áttina að rafrænni stjórnsýslu en á síðasta ári var hægt að leggja inn bæði landsbundnar og alþjóðlegar umsóknir á sama hátt. Áfram var lögð rík áhersla á að kynna starfsemi Einkaleyfastofunnar og þau réttindi sem stofnunin veitir. Því starfi verður haldið áfram og efla á enn frekar kynningarstarf í því skyni að auka vitund almennings á þeim mikilvægu réttindum sem nýsköpun og atvinnustarfsemi byggir á.

Full ástæða er til að líta björtum augum til framtíðar, bæði hvað varðar vöxt atvinnulífs og nýsköpunar.



## Einkaleyfastofan 20 ára

Einkaleyfastofan fagnaði 20 ára afmæli á árinu en stofnunin tók til starfa 1. júlí 1991 og tók þá við hlutverki einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins. Kveðið er á um skipulag og starfssvið stofnunarinnar í auglýsingu nr. 187/1991 og reglugerð nr. 188/1991.

Meginhlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar. Stofnuninni ber einnig að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.



*Einkaleyfastofan fagnaði 20 ára afmæli sínu með ráðstefnunni „The Importance of Intellectual Property Rights“ í Hörpu þann 18. ágúst. F. v. Francis Gurry forstjóri Alþjóða hugverkastofnunarinnar, Gunnar Guttormsson og Ásta Valdimarsdóttir, fyrrverandi forstjórar Einkaleyfastofunnar og Borghildur Erlingsdóttir núverandi forstjóri.*

Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum á sviði hugverkaréttar. Löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð þeim og marka þeir einnig starfsemi stofnunarinnar. Helstu samstarfsaðilar Einkaleyfastofunnar á alþjóðavettvangi eru WIPO, EPO og Nordic Patent Institute.

## WIPO

Alþjóðahugverkastofnunin (World Intellectual Property Organization- WIPO) tók til starfa í núverandi mynd árið 1967 með samningi sem var undirritaður í Stokkhólmi 14. júlí það ár. Samningurinn tók gildi árið 1970 og varð stofnunin ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1974. Hlutverk hennar er að efla vernd hugverka og alþjóðlegt samstarf á því sviði. Höfuðstöðvar WIPO eru í Genf og hefur stofnunin umsjón með á þriðja tug alþjóðlegra samninga um hugverkaréttindi og skráningu hugverkarréttinda, jafnt á sviði uppfinninga og iðnhönnunar sem og bókmennta og lista.


## EPO

Evrópska einkaleyfastofnunin (The European Patent Office) tók til starfa þann 1. nóvember 1977 og hefur aðalstarfsstöð í München auk móttökuskrifstofu í Haag. Stofnunin hefur sjálfstætt framkvæmdavald og sjálfstæðan fjárhag. Evrópski einkaleyfasamningurinn (EPC) var undirritaður í München þann 5. október 1973 og tók formlega gildi 7. október 1977 en megingilgangur samningsins er að efla samstarf Evrópuríkja varðandi vernd uppfinninga. Framkvæmd hans lýtur einnig að sameiginlegri málsmeðferð aðildarríkja hans við móttöku, rannsókn og veitingu einkaleyfa þar sem unnt er með einni umsókn í einhverju þeirra að öðlast einkaleyfi í flestum ríkjum Evrópu.

## Nordic Patent Institute


Nordic Patent Institute er alþjóðleg stofnun sem Ísland, Danmörk og Noregur eru aðilar að. Stofnunin annast m.a. rannsóknir á alþjóðlegum einkaleyfisumsóknum en stofnunin var sett á stofn með það að markmiði að halda tækniþekkingu innan Norðurlandanna og bjóða uppá hraða og góða þjónustu við rannsóknir á einkaleyfum á samkeppnishæfu verði. Íslenskir umsækjendur PCT-umsókna (alþjóðlegra umsókna) geta valið Nordic Patent Institute sem rannsóknastofnun fyrir umsókn sína. Nordic Patent Institute annast einnig rannsóknir á einkaleyfum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Tímalínan sýnir helstu tímamót Einkaleyfastofunnar síðustu 20 ár



## Starfsemi sviða

Árið 2011 starfrækti Einkaleyfastofan fjögur svið; einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið, faggildingarsvið og rekstrarsvið. Hvert þessara sviða hafði sinn sviðsstjóra sem heyrði beint undir forstjóra auk þess sem yfirlögfræðingur stofnunarinnar heyrði beint undir forstjóra.



*Skipurit Einkaleyfastofunnar 2011*

## Rekstrarsvið

Rekstrarsvið hefur umsjón með daglegum rekstri, móttöku umsókna og erinda, skjalavörslu, innskönnun gagna, tölvurekstri, bókasafni og innkaupum. Fjármál stofnunarinnar heyra einnig undir rekstrarsvið þ.á m. áætlanagerð, innheimta, uppgjör, reikningshald og launakeyrlur. Þá heyra útgáfumál og vefsíða undir rekstrarsvið auk fræðslu- og kynningarmála.

Í lok árs var lokið við endurskoðun á öllum verkferlum varðandi fjármál stofnunarinnar. Má því segja að þar með hafi innleiðingu á nýju fjárhagskerfi (TBR) lokið. Ekki reyndist unnt að hefja smíði greiðslugáttar á vefnum eins og stefnt var að en slík gátt er hugsuð fyrir eigendur einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar til þess að greiða endurnýjunargjöld með greiðslukorti.


Vinna við innleiðingu rafræns skjalavistunarkerfis hélt áfram á árinu en sú vinna fer að miklu leyti fram í samvinnu við Þjóðskjalasafn. Í október fékkst samþykki frá Þjóðskjalasafni um undanþágu frá reglum um skil rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns en sú undanþága felur í sér að Einkaleyfastofunni er heimilt að skila tilteknum gögnum á rafrænan hátt úr GoPro.net skjalavörslukerfinu. Af þessu hlýst verulegt hagræði þar sem stofnunin tekur nú þegar á móti umtalsverðum fjölda umsókna með rafrænum hætti, s.s. alþjóðlegum vörumerkjaumsóknum frá WIPO og einkaleyfisumsóknum.

Hafist var handa við að safna saman gögnum vegna samstarfsverkefnis Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) og Google. EPO hefur tekið í notkun nýja vélþýðingapjónustu, sem nefnist *Patent translate*, á heimasíðu sinni en þjónustan nýtir vélþýðingataekni sem Google translate hefur þróað. Í lok árs 2014 er ráðgert að þýðingavélin taki til allra 32 tungumála aðildarríkja samningsins um evrópsk einkaleyfi, þ. á m. íslensku.

Talsverð endurnýjun átti sér stað á tölvubúnaði stofnunarinnar á árinu. Nauðsynlegt reyndist að endurnýja netþjóna og samhliða því var unnið að því að einfalda og endurskipuleggja rekstur tölvukerfisins.

## Einkaleyfasvið


Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa sem og hvers kyns upplýsingagjöf varðandi einkaleyfi.



Einkaleyfisumsóknir lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2004

Flest erindi einkaleyfasviðs eru nú beiðnir um staðfestingu evrópskra einkaleyfa á Íslandi, svokallaðar EP staðfestingar, en 778 slíkar voru staðfestar á árinu. Fyrstu beiðnirnar bárust árið 2006 og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt með hverju ári.

### Upprunaland EP-staðfestinga



Upprunaland EP-staðfestinga hjá Einkaleyfastofunni árið 2011

Landsbundnar umsóknar, þ.e. umsóknir sem lagðar eru inn beint hjá Einkaleyfastofunni án milligöngu Evrópsku einkaleyfastofunnar, voru 71 talsins þar af 50 grunnumsóknir í eigu Íslendinga. Grunnumsóknum frá Íslendingum hefur fækkað nokkuð síðustu tvö ár.


Veitt landsbundin einkaleyfi voru 65 en þeim hefur fækkað mikið í takt við fjölgun beiðna um staðfestingu evrópskra einkaleyfa hér á landi. Einkaleyfi í gildi



á Íslandi voru 2632 í lok ársins. Fimm endurveitingamál voru afgreidd á árinu en engin andmæli bárust gegn veittu einkaleyfi.

Viðvarandi verkefni hjá sviðinu er að vinna upp eldri yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT) en í lok árs biðu enn 636 umsóknir afgreiðslu. Flestar þessara umsókna eru gefnar út með hliðsjón af útgefnum evrópskum einkaleyfum sem skýrir langan meðhöndlunartíma þeirra.

### Veitt einkaleyfi




Veitt einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2004

Alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT/IS) voru alls 18 frá íslenskum umsækjendum. Af þeim bárust 15 umsóknir rafrænt. Umsóknum fækkaði um 30% milli ára. Helmingur umsækjenda valdi Nordic Patent Institute sem rannsóknaraðila umsóknanna en Ísland er aðili að þeirri stofnun.

Lög nr. 17/1991 um einkaleyfi breyttust lítillega á árinu með lögum nr. 25/2011 en þann 7. apríl tók gildi breyting á 68. gr. laganna sem laut að því að skýra gjaldtökuheimildir stofnunarinnar hvað varðar einkaleyfi.


### Aldursdreifing útgefna einkaleyfa



Aldursdreifing útgefna einkaleyfa hjá Einkaleyfastofunni árið 2011

Síðastliðin ár hefur verið unnið að því að koma öllum aðgengilegum umsóknum á rafrænt form en yfir 500 málamöppur, þ.e. einkaleyfi ásamt meðfylgjandi bréfasamskiptum voru skannaðar inn, skilgreindar, merktar og vistaðar inn í rafrænt skjalavistunarkerfi stofnunarinnar. Styttist því í að öll meðhöndlun einkaleyfisumsókna verði rafræn innanhúss. Þá voru öll einkaleyfi sem gefin voru út á árinu skönnuð inn og send til EPO til birtingar í gagnagrunni stofnunarinnar, Espacenet.

Rafrænt umsóknarkerfi (OLF) sem Evrópska einkaleyfastofan hefur þróað hefur nú verið innleitt að fullu en verkefnið hefur spannað tvö ár. Evrópska einkaleyfastofan styrkir verkefnið og styður við innleiðinguna hér á landi. Nú er hægt að taka við öllum umsóknum rafrænt en þær eru staðfestar með rafrænni undirskrift. Þannig er hægt að leggja inn landsbundnar umsóknir, alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT/IS) og allar beiðnir er varða staðfestingu evrópskra einkaleyfa hér á landi með rafrænum hætti. Beiðnir um staðfestingu evrópskra einkaleyfa tóku að berast rafrænt í lok árs og þar sem þetta er stærsti málaflokkur einkaleyfasviðs mun þetta auðvelda vinnslu umsókna til muna.



Efni útgefna einkaleyfa og umsókna hjá Einkaleyfastofunni árið 2011

## Vörumerkja- og hönnunarsvið


Vörumerkja- og hönnunarsvið annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka.

### Vörumerki

Umsóknir um vörumerki voru samtals 3742 á árinu en samanlagður fjöldi vörumerkjaumsókna var 3440 árið á undan. Það var því 9% fjölgun umsókna frá fyrra ári.

Alþjóðlegar umsóknir voru 2436 en landsbundnar umsóknir voru 1306. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint til Einkaleyfastofunnar ýmist af einstaklingum eða umboðsmönnum en alþjóðlegar umsóknir eru þær umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðhugverkastofnuninni, WIPO, í gegnum Madrid skráningarkerfið.

Landsbundnum umsóknum fjölgaði um ríflega 12% samanborið við árið 2010. Umsóknum í eigu erlendra aðila fjölgaði um 17% en umsóknum í eigu aðila sem búsettir eru á Íslandi fjölgaði minna eða um rúmlega 8%. Umsóknirnar dreifðust nokkuð jafnt yfir árið en þó bárust óvenju margar alþjóðlegar umsóknir í desember sem rekja má til átaks í meðferð umsókna hjá WIPO.




Vörumerkjaumsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2004

Vörumerkjaskráningar á árinu 2011 voru 3665 og haldast þær í hendur við fjölda umsókna.

Vörumerkjaskráningar má endurnýja á 10 ára fresti. Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkjaskráninga var 2566 samanborið við 2508 árið 2010 en 1167 landsbundnar skráningar voru endurnýjaðar og 1309 alþjóðlegar. Sé hlutfall endurnýjaðra vörumerkjaskráninga borið saman við fjölda skráninga árið 2001, að frádregnum eldri skráningum sem komnar voru að endurnýjun má áætla að nálægt 43% skráninganna hafi verið endurnýjaðar.


Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum, þ.e. svokölluðum ISMP umsóknum, fjölgaði og voru þær 49 talsins miðað við 30 árið 2010. Þrátt fyrir fjölgunina er ennþá langt í land hvað varðar fjölda slíkra umsókna fyrir efnahagshrun en alþjóðlegar umsóknir frá íslenskum aðilum voru um 100 talsins árið 2007.



Skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2004

Í lok árs 2011 voru um 52.300 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi, þar af ríflega 6000 í eigu Íslendinga. Málum vegna andmæla sem bárust Einkaleyfastofunni vegna vörumerkjaskráninga fjölgaði lítillega og voru þær 19 árið 2011. Þá var 7 málum áfrýjað til Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Af þeim ellefu málum sem áfrýjunarnefndin úrskurðaði í á árinu 2011 var fallist á niðurstöðu Einkaleyfastofunnar í fimm tilvikum, fjórum ákvörðunum var hnekkt, eitt mál var fellt niður og tvö voru send aftur til Einkaleyfastofunnar til frekari meðferðar.

Einkaleyfastofan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé ekki lengra en 10 vikur. Meðferð landsbundinna og alþjóðlegra umsókna var vel innan þessara tímamarka. Alþjóðlega rannsóknarferlið er nú eingöngu rafrænt en jafnframt er rafræn móttaka alþjóðlegra umsókna unnin á Vörumerkja- og hönnunarsviði. Þá eru nánast öll samskipti við WIPO orðin rafræn.



Vörumerkjaumsóknir eftir upprunalandi árið 2011 (fleiri en 100 umsóknir pr. land)


## Hönnun

Hönnunarumsóknnum fjölgaði um ríflega 5% frá fyrra ári og bárust samtals 133 umsóknir. Þar af bárust 84 umsóknir frá WIPO í gegnum alþjóðlegt skráningar-kerfi. Landsbundnar umsóknir í eigu Íslendinga voru 36 og fækkaði þeim um 10 frá árinu 2010. Landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila fækkaði sömu- leiðis lítillega eða úr 15 í 13.



*Umsóknir um skráningu hönnunar sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2004*

Sjö aðilar hér á landi nýttu sér milligöngu Einkaleyfastofunnar við að leggja inn umsóknir í gegnum alþjóðlega umsóknarkerfið á árinu sem er sami fjöldi og árið áður. Ísland hefur frá árinu 2004 verið aðili að alþjóðlegum samningi um skráningu hönnunar (The Geneva Act of the Hague Agreement concerning the International Registration of Industrial Designs).



*Skráð hönnun hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2004*

## Gæðamál

Einkaleyfastofan vinnur að innleiðingu gæðakerfis samkvæmt alþjóðlegum staðli um stjórnun, ISO 9001. Ákvörðunin um að takast þetta á hendur kom í kjölfar þess að Einkaleyfastofan gerðist aðili að Nordic Patent Institute sem vinnur samkvæmt staðlinum og gerir ráð fyrir að öll aðildarríki geri það einnig. Ferlið tekur langan tíma þar sem mikill tími fer í að breyta menningu stofnunar þannig að hún falli að alþjóðlegum viðmiðum um þjónustustofnanir. Á árinu var unnið að því að uppfæra gæðahandbók stofnunarinnar og innleiða ný skjöl en bókin hefur að geyma um 30 verklagsreglur með leiðbeiningum sem lýsa nákvæmlega öllum helstu ferlum stofnunarinnar. Á næstu tveimur árum er ráðgert að fara í innri úttekt á gæðakerfinu sem er forvinna fyrir vottun óháðs aðila.

## Faggildingarsvið

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur svo sem í reglugerðum og stöðlum. Á sviðinu starfaði einn starfsmaður í 75% starfi. Vegna faggildingarmats ræður sviðið tæknilega matsmenn til aðstoðar við mat á samræmi við tæknilegar kröfur. Einnig er samstarf við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum.

Megin starfsemi faggildingarsviðs var með svipuðu móti og árið á undan. Virkar faggildingar voru 46. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmælifræði og klínískra mælinga, ein vottunarstofa á sviði lífrænnar framleiðslu og 38 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, matvælaframleiðslu, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit.

Unnið var að breytingu á lögum um faggildingingu vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 765/2008 um faggildingingu og markaðseftirlit í íslensk lög. Það frestaðist að leggja fram frumvarp um þessar lagabreytingar þar sem ESB reglugerðin var ekki afgreidd frá sameiginlegu EES nefndinni á árinu.

Tveir aðalfundir voru sóttir hjá European co-operation for Accreditation (EA) sem Einkaleyfastofan er fullgildur aðili að sem Icelandic Board for Technical Accreditation (ISAC). Ekki voru sóttir fundir í fastanefndum EA um tæknileg málefni. Starfsmaður faggildingarsviðs tók þátt í mati EA á faggildingarstofunni í Króatíu.

Óskir bárust um faggildingingu miðað við samræmismatsstaðla sem ISAC hefur ekki boðið upp á áður þ.e. fyrir vottun stjórnunarkerfa og fyrir vottun á hæfni starfsmanna.

## Ýmsir málaflokkar

### Fræðslu- og kynningarmál

Ýmsir viðburðir voru haldnir í tengslum við fræðslu- og kynningarmál á árinu en þar ber hæst alþjóðleg ráðstefna sem haldin var þann 18. ágúst í tilefni af 20 ára afmæli Einkaleyfastofunnar.

Í byrjun árs fengu nemendur frá Listaháskóla Íslands kennslu í hugverkarétti með áherslu á hönnunarvernd. Er þetta orðin árviss viðburður en fyrsti hópurinn sótti Einkaleyfastofuna heim vorið 2006 og hefur kennslan alla tíð verið í höndum starfsmanna Einkaleyfastofunnar. Þá fengu nemendur í einkaleyfarétti við Háskóla Íslands fræðslu um einkaleyfakerfið og að auki voru haldnar kynningar fyrir læknanema og efnafræðinema. Nemendur í hugverkarétti við Háskólann í Reykjavík komu í heimsókn og fluttir voru fyrirlestrar fyrir nemendur í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja við sama skóla.

Einkaleyfastofan tók þátt í framadögum háskólanema í febrúar ásamt öðrum ríkisstofnunum en að þessu sinni kostaði fjármálaráðuneytið þátttöku ráðuneyta og stofnana með það að markmiði að kynna Ríkið sem stærsta þekkingarvinnustað landsins. Einkaleyfastofan tók einnig þátt í Vísindavöku sem haldin var í september en Vísindavaka er árlegur viðburður þar sem almenningi gefst kostur á að hitta vísindamenn sem stunda rannsóknir í hinum ýmsu vísindagreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra.

Þá var haldin almenn kynning á hugverkarétti á frumkvöðlasetri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Kvosinni í lok árs en að auki voru nokkrar kynningar haldnar fyrir grunnskólabörn á aldrinum 9 til 15 ára.

Haldið var upp á alþjóðlegan dag hugverkaréttar í Þjóðminjasafninu þann 4. maí. Boðið var upp á fyrirlestraröð undir yfirskriftinni *Horft til framtíðar*. Fyrirlesarar voru Margrét Hjálmaradóttir lögfræðingur á Einkaleyfastofunni, Grétar Ingi Grétarsson aðstoðarforstjóri Nordic Patent Institute og Guðmundur Reynaldsson einkaleyfasérfræðingur. Var þetta í sjöunda skiptið sem haldið var upp á alþjóðlegan dag hugverkaréttar hér á landi.

### Ráðstefnan *The Importance of Intellectual Property Rights*

Einkaleyfastofan hélt upp á 20 ára afmæli sitt á árinu með alþjóðlegri ráðstefnu sem bar yfirskriftina *The Importance of Intellectual Property Rights*. Ráðstefnan sem haldin var þann 18. ágúst í Kaldalóni í Hörpu þóttist takast vel og var sótt af tæplega 170 gestum, bæði innlendum og erlendum. Alls voru 15 erindi flutt á ráðstefnunni sem hófst á opnunarerindi Katrínar Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra.

Fyrirlesarar voru bæði íslenskir og erlendir og var það stofnuninni mikill heiður að Francis Gurry forstjóri Alþjóðahugverkastofnunarinnar skyldi vera þeirra á meðal. Aðrir fyrirlesarar voru Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar, Raimund Lutz aðstoðarforstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO), Christian Archambeau aðstoðarforstjóri OHIM, Jesper Kongstad forstjóri



dönsku einkaleyfastofunnar, Ásta Valdimarsdóttir yfirmaður Madrid skráningarkerfisins hjá WIPO, Yvonne Döfler sérfræðingur í hugverkadeild þýska tollsins, Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður, Sigga Heimis hönnuður, Stefán Einar Stefánsson frá Actavis, Sigurlína Valgerður Ingvarsdóttir frá CCP, Tatjana Latinovic frá Össuri, Ásgeir Ásgeirsson frá Marel og Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Ráðstefnustjóri var Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs.

*Francis Gurry, forstjóri Alþjóðahugverkastofnunarinnar flytur erindi í Hörpu*



*Páll Óskar flytur erindi sitt*

*Yvonne Döfler sérfræðingur hjá þýska tollinum.  
Skjamyndin sýnir förgun á fölsuðum skóm*

Á ráðstefnunni var vefsíðan falsanir.is formlega opnuð en vefsíðan er samstarfsverkefni nokkurra stofnana og annarra aðila sem láta sig vernd hugverka varða. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Einkaleyfastofan, Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Tollstjóri, Lyfjastofnun, Neytendastofa, SMÁÍS, STEF, SFH, Myndstef og Hönnunarmiðstöð Íslands. Vefsíðunni er ætlað að veita almenningi upplýsingar um vernd hugverka og hvernig komast má hjá því að brjóta gegn þeim rétti.





*Frá ráðstefnunni „The importance of Intellectual Property Rights“ í Hörpu 18. ágúst 2011*

Á meðan á ráðstefnunni stóð var sýning á fölsuðum vörum og eftirlíkingum í anddyri Kaldalóns. Sýningin var sett upp í samstarfi við Tollstjóraembættið en sumt af því sem var til sýnis voru vörur sem reynt hafði verið að flytja hingað til lands. Frumgerð vörunnar var höfð til sýnis svo fólki gæfist kostur á að bera hana saman við fölsuðu vöruna. Þá lánaði INTA (International Trademark Association) einnig falsaðan varning ásamt frumgerð til að hafa til sýnis á ráðstefnunni.



*Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, sýnir gestum falsaðan varning*



*Heimsókn Francis Gurry forstjóra Alþjóða hugverkastofnunarinnar á Bessastaði, ásamt fulltrúa efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og forstjóra Einkaleyfastofunnar. F.v. Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Francis Gurry, forstjóri Alþjóða hugverkastofnunarinnar og Þóra Hjaltested, skrifstofustjóri hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu*

## Samstarf

### Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum

Samstarfi var haldið áfram í vinnu gegn brotum á hugverkaréttindum og var vefsíðan falsanir.is formlega opnuð á árinu eins og stefnt var að.

### Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan er með samstarfssamninga við IMPRU og Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands um rekstur upplýsingasetra um einkaleyfi. Tilgangur samninganna er að auka vitund og þekkingu almennings á hugverkaréttindum með aukinni fræðslu, upplýsingagjöf og bættri aðstöðu fyrir almenning til að kynna sér slík málefni.

Upplýsingasetrin eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (PATLIB network) sem nær um alla Evrópu. Tengslanetið er samstarf Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum og veitir EPO ýmsa styrki til stuðnings starfseminni.

### Hagnýtingarverðlaun HÍ

Líkt og undanfarin ár styrkti Einkaleyfastofan Hagnýtingarsamkeppni HÍ. Markmið keppinnar er að laða fram hagnýtanlegar hugmyndir sem verða til innan háskólasamfélagsins og Landspítala - háskólasjúkrahúss.



Auður Edda Sverresdóttir og Gunnar Sigurjónsson, starfsmenn Einkaleyfastofunnar, á Vísindavöku HÍ

Verðlaunaafhending fór fram á Nýsköpunarmessu HÍ þann 18. nóvember. Fyrstu verðlaun hlutu Páll Torfi Önundarson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir Landspítala- háskólasjúkrahúss, og Brynja R. Guðmundsdóttir, klínískur lektor á Landspítala- háskólasjúkrahúsi, fyrir verkefnið *Fiix prothrombin tími; nýtt blóðstorkupróf til stýringar á blóðþynningu*. Sótt hefur verið um einkaleyfi á uppfinningunni. Önnur verðlaun í samkeppninni hlaut Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild, fyrir forvarnarverkefnið *Seinfærir foreldrar – stuðningur og fræðsla* þar sem markmiðið er að meta árangur alíslensks námskeiðs fyrir seinfæra foreldra um samskipti í fjölskyldum. Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild og Loic Letertre lífeindafræðingur ásamt Eddu Elísabetu Magnúsdóttur, doktorsnema í líffræði og Marianne Helene

Rasmussen, forstöðumanni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík deildu með sér þriðju verðlaunum keppinnar fyrir verkefnið *Hönnun rauntíma frumu og Tónar hafsins*.

## FUVE

Haldnir voru tveir samráðsfundir með fulltrúum Einkaleyfastofunnar, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og stjórn FUVE, félags umboðsmanna, vörumerkja og einkaleyfa. Fyrri fundurinn var haldinn í janúar og sá seinni í september. Þar var m.a. rætt um rafræn samskipti, breytingar á vörumerkjalögum og sameiningu einkaleyfareglugerðar og auglýsingar um einkaleyfi, fyrirhugað samkomulag við bandarísku og japönsku einkaleyfastofurnar um flýtimeðferð einkaleyfisumsókn (PPH samkomulag) og möguleika á opnun einkaleyfaskrár fyrir leitir.

## FEIS

Haldnir voru tveir samráðsfundir með stjórn FEIS, félags einkaleyfasérfræðinga. Sá fyrri var í janúar en sá seinni í ágúst. Helstu umræðuefni voru samstarf FEIS og Einkaleyfastofunnar varðandi möguleika á endurmenntun, rafræn móttaka einkaleyfisumsókna og samkomulag við bandarísku og japönsku einkaleyfastofurnar um flýtimeðferð einkaleyfisumsókn (PPH samkomulag). Þá voru rædd ýmis mál sem efst eru á baugi hjá EPO og fyrirhugað samstarf ESB um einkaleyfi.

## PPH

Einkaleyfastofan gerði samkomulag um tilraunaverkefni er varðar flýtimeðferð einkaleyfisumsókna, kallað *Patent Prosecution Highway* (PPH), annars vegar við bandarísku einkaleyfastofuna og hins vegar við japönsku einkaleyfastofuna. PPH er nýr valkostur fyrir umsækjendur, háður ýmsum skilyrðum. Markmið samkomulagsins er einkum að gera íslenskum fyrirtækjum kleift að flýta meðferð einkaleyfisumsókna sinna í Bandaríkjunum og í Japan þar sem afgreiðslutími er almennt mjög langur. Hið sama á við um umsóknir frá Bandaríkjunum og Japan hér á landi. Yfirmarkmið PPH er að stytta afgreiðslutíma einkaleyfisumsókna á heimsvísu en mörg ríki eru með slíka samninga sín á milli.

## EPO – Evrópska einkaleyfastofan

Samstarf ELS við EPO fer mestmegnis fram í framkvæmdaráði, fjárlaganefnd og í tveimur ráðgefandi nefndum er varðar lagaleg málefni annars vegar og tæknileg mál hins vegar.

Framkvæmdaráðið (The Administrative Council) fundaði fjórum sinnum á árinu. Forstjóri, sviðsstjóri einkaleyfasviðs og sviðsstjóri rekstrarsviðs sóttu fundi ráðsins.

Á fundunum eru teknar ákvarðanir um þau mál sem rædd hafa verið og afgreidd í fjárlaganefnd og öðrum nefndum EPO. Samþykktar voru fjórar áætlanir (road-maps) sem leggja munu grunninn að starfi EPO næstu árin. Áætlanirnar fjalla um tæknimál, gæðamál, mannaúðsmál og samstarf við aðildarríkin næstu fjögur ár. Í samstarfsáætluninni er m.a. kveðið á um fjárstuðning til aðildarríkja vegna tiltekinnar verkefna að teknu tilliti til þjóðartekna og fjölda veittra einkaleyfa á hvern íbúa.

Þrjú fundir voru haldnir í fjárlaganefnd EPO (Budget and Finance Committee) á árinu sem sóttir voru af sviðsstjóra rekstrarsviðs og ýmist forstjóra eða yfir-lögfræðingi. Auk hefðbundinna dagskrárliða varðandi fjárhagsáætlun og gjaldtökur var mikil umræða um áætlanir til næstu ára.

Einn fundur var haldinn í laganeftnd (Committee on Patent Law) á síðari hluta ársins og var hann sóttur af yfir-lögfræðingi og lögfræðingi einkaleyfasviðs. Á fundinum var einkum farið yfir nýlegar breytingar á einkaleyfalöggjöf Bandaríkjanna og Japan og rætt um hvort og að hvaða leyti huga mætti að frekari samþættingu einkaleyfakerfisins á heimsvísu.

Starfsmenn einkaleyfasviðs sóttu tvo fundi í tækniráði EPO (Technical and Operational Support Committee) á árinu þar sem meðal annars var rædd þróun og framtíð EPTOS hugbúnaðarins sem m.a. hefur að geyma hugbúnað til að taka á móti rafrænum umsóknum (OLF) og gagnabankann Espacenet. Stuðningi EPO m.a. í tengslum við viðhald og uppfærslur hugbúnaðarins var að mestu hætt í árslok 2011 og er því ábyrgð á viðhaldi hans nú alfarið í höndum Einkaleyfastofunnar.



Sviðsstjóri einkaleyfasviðs ásamt tæknimanni sóttu fund í desember í sambandi við vélþýðingarverkefni sem Einkaleyfastofan tekur þátt í ásamt öðrum aðildarríkjum EPO. Einkaleyfastofan er í vinnuhópi þar sem sérstök áhersla er lögð á þátttöku smærri ríkja en verkefnið er unnið með það að leiðarljósi að til verði vélræn þýðingarvél sem nýtast mun við þýðingu einkaleyfa á öll tungumál aðildarríkja EPO.

Forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs sóttu árlegan samráðsfund EPO (Co-operation) og aðildarríkja í Bratislava í júní. Þar var rætt um framtíð samvinnunnar og hvað aðildarríkin teldu mikilvægast í áframhaldandi stuðningi EPO, bæði að því er varðar tæknilegan og fjárhagslegan stuðning. Vinnu við þriggja ára framkvæmdaáætlun (e. National Action Plan) milli Einkaleyfastofunnar og EPO um fjárstuðning til stofnunarinnar lauk að mestu um mitt ár 2011. Undirritun hennar var þó slegið á frest því undir árslok samþykkti framkvæmdaráðið nýja áætlun (e. Co-operation Roadmap 2011-2015) sem samstarf EPO og aðildarríkjanna mun byggja á næstu fjögur árin. Árið 2012 mun því verkefnum samkvæmt nýrri og endurbættri áætlun, *Bilateral Cooperation Plan*, verða hrint í framkvæmd.

Árið 2011 fékk Einkaleyfastofan m.a. styrki á grundvelli NAP til endurmenntunar starfsmanna, þátttöku í fundum og ráðstefnum og til þýðingar á teiknimyndasögum WIPO. Alls sóttu sjö starfsmenn námskeið og ráðstefnur á vegum EPO auk þess sem þrír tóku þátt í námskeiði um hugverkarétt á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í samstarfi við Einkaleyfastofuna og FEIS sem styrkt var af EPO að hluta. Þá hlaut stofnunin styrk til að standa að ráðstefnunni í Hörpu um miðjan ágúst.



Þrjár fræðandi teiknimyndasögur WIPO sem ELS gaf út á íslensku

## EFTA

Fundir í hugverkahópi EFTA í Brussel voru haldnir í febrúar, júní og nóvember. Lögfræðingur á vörumerkja- og hönnunarsviði sótti fundina. Á fundunum var m.a. farið yfir innleiðingarferli reglugerða nr. 1901/2006 og 1902/2006 um lyf fyrir börn í EES samninginn og hver staðan væri á því ferli en innleiðing gerðanna hefur tafist um skeið vegna ágreinings um sektarúrræði. Einnig var farið yfir stöðu mála hvað varðar sameiginlegt einkaleyfakerfi í Evrópu og endurskoðun vörumerkjakerfisins innan ESB.

Fjallað var nokkuð um áform um framfylgni hugverkaréttinda innan ríkja ESB sem eru vel á veg komin og mögulega þátttöku EFTA-ríkjanna í því samstarfi.

## Evrópusambandið

Einkaleyfastofan sótti samráðsfundi hjá OHIM (Office of Harmonization in the Internal Market) en skrifstofan er skráningarskrifstofa Evrópusambandsins fyrir vörumerki og hönnun. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs ásamt lögfræðingi á sviðinu sóttu samráðsfund um vörumerki í júní og annar lögfræðinga sviðsins sótti samráðsfund um hönnun í október. Þar sem Ísland varð formlega umsóknarríki um inngöngu í ESB á árinu greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.

OHIM bauð Einkaleyfastofunni, endurgjaldslaust, að senda tvo þátttakendur á tveggja vikna námskeið 26. september – 7. október 2011. Dagskráin samanstóð af vinnuhópum og fyrirlestrum sem fjölluðu um starfsemi OHIM og framkvæmd við skráningu CTM (Community Trade Mark) og RCD (Registered Community Design). Þá var gerður samanburður á framkvæmd aðildarríkjanna í þeim ríkjum sem eru í aðildarumsóknarferli.

## Norrænt samstarf

Forstjórar einkaleyfastofa á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum funduðu tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Vilnías í mars í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um hugverkarétt í tilefni af tuttugu ára afmæli Litháensku einkaleyfastofunnar. Seinni fundurinn fór fram í Genf í tengslum við allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar í september.

Í júní sótti lögfræðingur vörumerkjasviðs fund í Osló þar sem Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin ræddu Max Planck skýrsluna um endurskoðun vörumerkja-kerfisins innan Evrópusambandsins. Á fundinum var skýrslan kynnt og farið yfir helstu atriði hennar. Löndin skiptu með sér verkefnum í tengslum við efni skýrslunnar.

Forstjóri sótti alþjóðlega ráðstefnu um hugverkarétt í Noregi í október sem haldin var í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá stofnun Norsku einkaleyfastofunnar.

## Nordic Patent Institute

Stjórn Nordic Patent Institute (NPI) fundaði reglulega á árinu og fóru þeir fundir að jafnaði fram í gegnum fjarfundabúnað. Forstjóri Einkaleyfastofunnar tók við stjórnarformennsku í maí. Rekstur stofnunarinnar gekk vel og samkvæmt áætlun.

Laganefnd NPI fundaði ekki á árinu en lagði í desember til breytingu á samningnum um stofnun NPI. Breytingin lýtur að 5. gr. samningsins og er tillagan til meðferðar hjá ríkisstjórnnum/utanríkisráðuneytum aðildarríkjanna.

Tveir fundir voru haldnir á árinu vegna markaðsmála þar sem megináherslan var lögð á gerð nýrrar heimasíðu sem tekin verður í gagnid á árinu 2012. Sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti annan fundinn sem haldin var í gegnum fjarfundabúnað.

## WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin

Allsherjarþing WIPO var haldið í september og sóttu forstjóri og yfirlögfræðingur þingið fyrir hönd Einkaleyfastofunnar. Þar voru m.a. ræddar tillögur til breytinga á reglum er varða þýðingar alþjóðlegra vörumerkjaumsókna yfir á öll þrjú tungumál samningsins í því skyni að einfalda starf WIPO og draga úr kostnaði.

Samþykkt var að einkaleyfisskjöl frá Kína vegna PCT umsókna teldust fullnægjandi skjöl. Tekið var fram að stór hluti PCT umsókna kæmu frá Kína og að öll kínversk einkaleyfisskjöl væru stafræn og hægt að leita að þeim á heimasíðu kínversku einkaleyfastofunnar. Þá eru öll ágríp þýdd á ensku. Einnig var samþykkt að breyting á reglu 82.2 PCT um tímafresti þegar óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) leiða til þess að frestir eru ekki virtir.

Samþykkt var að upplýsingar um alþjóðlegar hönnunarskráningar yrðu birtar vikulega á heimasíðu WIPO frá 1. janúar 2012.

## Starfsmannamál

Í lok ársins voru starfsmenn Einkaleyfastofunnar 22. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu og einn starfsmaður fór í launalaust leyfi í eitt ár, frá febrúar að telja. Ráðnir voru tveir nýir starfsmenn, einn á rekstrarsvið og annar á vörumerkja- og hönnunarsvið. Einn starfsmaður fór í barneignarleyfi í mars og annar kom úr barneignarleyfi í ágúst.

Einn sumarstarfsmaður var ráðinn í gegnum átaksverkefni Vinnumálastofnunar fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Lögð var áhersla á að starfsmenn ættu þess kost að afla sér endurmenntunar til að auka og viðhalda faglegri þekkingu sinni.



Starfsmenn Einkaleyfastofunnar tóku þátt í „Bleika deginum“ í október 2011

Fjórir starfsmenn rekstrarsviðs og einkaleyfasviðs sóttu námskeið um frágang og skráningu pappírsskjalasafna hjá Þjóðskjalasafni auk þess sem tveir starfsmenn sóttu almennt námskeið um skjalavörslu í opinberum stofnunum. Einn starfsmaður einkaleyfasviðs sótti námskeið í einkaleyfarétti sem kennt var við lagaðeild Háskóla Íslands á vormisseri og að auki sóttu tveir starfsmenn sviðsins námskeið í einkaleyfarétti hjá Endurmenntun Háskóla Íslands en það nám var sett á laggirnar í samstarfi við Einkaleyfastofuna og FEIS árið 2010.

Sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti 6 vikna námskeið í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og tveir starfsmenn rekstrarsviðs sóttu námskeið í þjónustustjórnun. Forstjóri og sviðsstjórar sóttu sérsniðin stjórnendanámskeið auk námskeiða í tengslum við verkefnastjórnun og breytingastjórnun og nokkrir starfsmenn sóttu tölvutengd námskeið auk ýmiskonar námskeiða á vegum stéttarfélaganna sem standa félagsmönnum til boða án endurgjalds.

Erlendis sóttu tveir starfsmenn einkaleyfasviðs námskeið um einkaleyfi og meðferð umsókna hjá EPO og tveir starfsmenn vörumerkja- og hönnunarsviðs sóttu námskeið hjá OHIM um framkvæmd vegna CTM (Community Trade Mark) og RCD (Registered Community Design) skráninga. Þá sótti sviðsstjóri einkaleyfasviðs námskeið á vegum EPO undir yfirskriftinni *Providing IP services to technology transfer offices*.



# Árangursmat

## Ársáætlun

Á fjárlögum ársins 2011 voru 170,9 m.kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar. Fjármögnunin skyldi annars vegar vera innheimt af ríkistekjum, 165,8 m. kr., og hins vegar greidd úr ríkissjóði, 5,1 m. kr. vegna faggildingar. Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 209,7 m.kr. og heildartekjum að upphæð 235,1 m.kr., þar af 5,1 m.kr. frá ríkissjóði vegna faggildingar. Gert var ráð fyrir að nýta höfuðstól stofnunarinnar til að koma til móts við mismun rekstrargjalda og fjárheimildar. Hækkun á gjaldskrá Einkaleyfastofunnar sem samþykkt var á árinu 2010 kom til framkvæmda í apríl 2011.

## Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2011 má sjá í töflunni hér að neðan.

Tekjur	Rauntölur 2011 m.kr.	Áætlun 2011 m.kr.
Rekstrartekjur	225.729.981	222.500.000
Sértekjur	8.158.556	7.500.000
<b>Tekjur samtals:</b>	<b>233.888.537</b>	<b>230.000.000</b>
<hr/>		
Gjöld		
Rekstrargjöld	209.105.036	209.700.000
<b>Gjöld samtals:</b>	<b>209.105.036</b>	<b>209.700.000</b>
<hr/>		
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>24.783.501</b>	<b>20.300.000</b>
Framlag úr ríkissjóði	5.100.000	5.100.000
<b>Hagnaður / tap ársins</b>	<b>29.883.501</b>	<b>25.400.000</b>

*Helstu niðurstöður úr rekstri Einkaleyfastofunnar árið 2011*

## Samanburður og skýringar

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir í ársáætlun eða 209,1 m.kr. Tekjur ársins 2011 voru ívið hærri en ársáætlun gerði ráð fyrir. Heildartekjur stofnunarinnar námu 233,9 m.kr., en tekjuáætlun gerði ráð fyrir 230 m.kr. Stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar er sem fyrr alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir og endurnýjanir. Tekjur vegna einkaleyfa hafa þó aukist jafnt og þétt s.l. 3 ár vegna aukins fjölda EP-staðfestinga hér á landi. Sértekjur stofnunarinnar voru um 8 m.kr. sem aðallega eru til komnar vegna endurgreiðslna frá Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) fyrir útlögðum

ferðakostnaði og vegna stuðnings við ýmis verkefni sem unnin voru í samstarfi við EPO. Hagnaður ársins nam alls 29,9 m.kr.

Á árinu 2011 var talsverður munur á fjárlögum og samþykktri rekstraráætlun og er hér um að ræða vanda sem hefur verið til staðar í nokkur ár. Til þess að mæta þessum mun hefur stofnunin fengið heimild til að nýta hluta af uppsöfnuðum höfuðstól líkt og áður.

Þegar rekstur stofnunarinnar árið 2011 er skoðaður í heild verður að telja að árangurinn hafi verið góður og ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Niðurstöðurnar vekja einnig upp vonir um að jafnvægi sé aftur að komast á fjölda umsókna eftir fækkun á síðustu árum.